



Norræna flutningamannasambandið

Lög

Samþykkt 2018

1. gr. Nafn og varnarþing

Sambandið heitir Norræna flutningamannasambandið.

Sambandið er samtök stéttarféлага í starfsgreinum á sviði flutninga á Norðurlöndum.

Varnarþing sambandsins er í Stokkhólmi þar til sambandsþingið ákveður annað.

2. gr. Hlutverk sambandsins

Sambandið gegnir hlutverki sínu með því að:

- a) koma á og efla vinsamleg tengsl milli aðildarsamtaka sambandsins,
- b) standa vörð um hagsmuni norrænna flutningamanna á vinnumarkaði og vinna að því að starfsmenn fái réttlát launa- og ráðningarkjör, svo og að vinna gegn félagslegum undirboðum,
- c) taka þátt í samstarfi stéttarféлага á landsvísu, svæðisbundið og á alþjóðavettvangi sem þjóna hagsmunum sambandsins og aðildarsamtaka þess,
- d) samræma viðhorf aðildarsamtakanna í norrænum, evrópskum og öðrum alþjóðlegum málum,
- e) að koma á gagnkvæmri aðstoð milli aðildarsamtaka og einkum styðja aðildarsamtök sem eiga í vinnudeilum með því að taka ákvörðun um samstöðuaðgerðir og aðrar aðgerðir sem telja má að geti leitt til farsællar lausnar á slíkum deilum, svo og að sjá til þess að aðildarsamtökin sýni samstöðu með því að veita fjárstuðning samkvæmt þessum lögum.

3. gr. Uppbygging

Stofnanir sambandsins eru:

1. Sambandsþing
2. Stjórn
3. Framkvæmdastjórn
4. Deildir
5. Sambandsskrifstofan

Bæði stjórn og deildir geta skipað fasta og tímabundna starfshópa.

4. gr. Sambandsþing

1. mgr.

Sambandsþing fer með æðsta ákvörðunarvald sambandsins.

2. mgr.

Reglulegt sambandsþing er haldið fimmta hvert ár á þeim stað sem síðasta þing ákvað.

Aukaping er kallað saman þegar að minnsta kosti tvö aðildarsambönd frá tveim löndum krefjast þess, sem hafa innan sinna vébanda minnst 10 af hundraði heildarfjölda félagsmanna sambandsins. Aukaping skal kalla saman þegar sambandsstjórn ákveður það. Stjórnin ákveður hvenær og hvar aukaping kemur saman. Aukaping fjallar einungis um það eða þau mál sem getið er um í þingboði.

3. mgr.

Reglulegt sambandsþing fjallar um starfsskýrslur og ársreikninga sambandsstjórnar, starfsskýrslur deildanna ásamt skýrslu sambandskrifstofunnar um liðið fimm ára tímabil og greinargerðir endurskoðenda fyrir sama tímabil. Reglulegt sambandsþing fjallar einnig um innkomnar þingtillögur.

Þingið kýs forseta sambandsins, varaforseta svo og 11 stjórnarmenn fyrir næsta stjórnartímabil. Forseti og varaforseti skulu vera hvor frá sínu landi. Jafnframt skulu þeir koma hvor frá sinni starfsgrein. Forseta og varaforseta er einungis hægt að endurkjósa hvorn um sig einu sinni í hvora stöðu og alls í tvö stjórnartímabil.

Þingið ákveður félagsgjöld samkvæmt 9. gr.

Þingið ákveður þóknun til forseta sambandsins, annarra stjórnarmanna og endurskoðenda.

4. mgr.

Tillögur aðildarsambanda sem leggja skal fyrir þingið skulu hafa borist stjórninni eigi síðar en fimm mánuðum fyrir þingsetningu.

Stjórnin semur álitserð um tillögur sem borist hafa. Álitserðir ásamt innsendum tillögum skulu sendar aðildarsamtökunum eigi síðar en mánuði fyrir þingsetningu. Samtímis skulu þær þingtillögur sem stjórnin hyggst leggja fyrir þingið sendar aðildarsamtökunum.

5. mgr.

Stjórnin skipuleggur starf þingsins, semur drög að dagskrá og starfsfyrirkomulagi fyrir þingið og deildirnar og sendir þau í síðasta lagi mánuði fyrir þingsetningu til aðildarsamtakanna. Upplýsingar um dagsetningu þings og þingstað svo og kjör þingfulltrúa skulu hafa borist aðildarsamtökunum eigi síðar en átta mánuðum fyrir þingsetningu.

6. mgr.

Þingið kýs þingforseta og þingritara.

7. mgr.

Kjörnir þingfulltrúar eru allt að sá fjöldi manna sem aðildarsamtökin eiga rétt á að tilnefna samkvæmt eftirfarandi töflu. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði.

Fullgildir félagsmenn Þingfulltrúar

Innan við 10.000	2
10.001 - 20.000	4
20.001 - 30.000	6
30.001 - 40.000	8
40.001 - 50.000	10
50.001 - 60.000	12
60.001 - 70.000	14
70.001 og fleiri	16

Fullgildir félagsmenn eru þeir sem greitt hefur verið félagsgjald fyrir samkvæmt 8. gr.

Stjórnarmenn má ekki tilnefna sem þingfulltrúa en þeim ber skylda til að sitja sambandsþing og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt í öllum málum og atkvæðisrétt um þau mál sem ekki snerta umfjöllun um vítaleysi varðandi næstliðið stjórnartímabil eða deilur þar sem ákvörðun stjórnar hefur verið vísað til úrskurðar þingsins.

8. mgr.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg þegar kjörnir eru menn nema þingheimur hafi einróma samþykkt að atkvæðagreiðsla skuli vera opin. Þegar atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti.

Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla þannig fram að fulltrúar lyfta þátttakandakorti sínu nema minnst 10 atkvæðisbærir þingfulltrúar krefjist leynilegrar atkvæðagreiðslu.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum. Atkvæðagreiðsla fer fram á grundvelli a) fjölda viðstaddra fulltrúa, eða b) félagatölu aðildarsamtakanna. Atkvæðagreiðsla á grundvelli félagatölu fer fram hafi þrenn aðildarsambönd krafist þess. Slík krafa skal sett fram áður en atkvæðagreiðsla hefst.

9. mgr.

Viðkomandi aðildarsamtök greiða sjálf allan þátttökukostnað þingfulltrúa sinna.

5. gr. Sambandsstjórnin

1. mgr.

Sambandsstjórnin fer með æðsta ákvörðunarvald sambandsins milli þinga. Í henni eiga sæti, auk forseta og varaforseta, 11 þingkjörnir menn. Stjórnin skiptir sem fyrst með sér verkum og kýs framkvæmdastjórn úr sínum hópi.

Í framkvæmdastjórn sitja fjórir stjórnarmenn, hver frá sínu landi, en forseti og varaforseti eru sjálfkjörnir. Framkvæmdastjórn er heimilt að taka ákvarðanir milli stjórnarfunda í málum sem þola ekki bið nema þau séu þess eðlis að nauðsynlegt sé að stjórnin fjalli um þau. Fundargerðir framkvæmdastjórnar skulu sendar stjórninni.

2. mgr.

Stjórnin er ályktunarhæf þegar forseti eða staðgengill hans ásamt minnst sex stjórnarmönnum eru viðstaddir. Stjórnarmenn þessir skulu vera fulltrúar minnst þriggja landa. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun stjórnar. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta. Verði atkvæði jöfn við kosningu manna ræður hlutkesti úrslitum.

3. mgr.

Láti forseti af störfum á stjórnartímabilinu tekur varaforseti við af honum fram að næsta þingi. Í þessu tilfalli skipar stjórnin nýjan varaforseta fram að næsta þingi. Láti varaforseti af störfum á stjórnartímabilinu skipar stjórnin nýjan varaforseta fram að næsta þingi. Ef stjórnarmaður hættir á stjórnartímabilinu eða aðildarsamtök stjórnarmannsins tilkynna að þau óski eftir að skipta um stjórnarmann þá tilnefna sömu samtök nýjan stjórnarmann fram að næsta þingi.

4. mgr.

Sambandið greiðir kostnað vegna stjórnar og framkvæmdastjórnar. Um dagpeninga skulu gilda reglur sem stjórnin setur.

Ákvæði annarrar málsgreinar gildir einnig í tilvikum þegar forseti eða annar stjórnarmaður ferðast á kostnað sambandsins.

5. mgr.

Stjórnin semur ársskýrslu og skal hún ásamt greinargerð endurskoðenda lögð fyrir sambandsþing. Stjórnin skal fyrir hvert almanaksár semja ársreikninga sem skulu lagðir fyrir endurskoðendur í síðasta lagi 31. maí.

6. gr. Deildirnar

1. mgr.

Deildirnar eru hluti af starfsemi sambandsins. Deildirnar eru:

- Deild fyrir vöruflutninga á landi
- Deild fyrir sjóflutninga og sjávarútveg
- Deild fyrir farþegaflutninga
- Deild fyrir hafnarvinnu
- Deild fyrir járnbrautarflutninga
- Deild fyrir almenningsamgöngur
- Deild fyrir vörumiðlun og lager

Deildirnar bera ábyrgð á þeirri starfsemi sem varðar eigin starfsgrein. Ákvarðanir sem beint eða óbeint varða fleiri deildir eða allt sambandið skulu lagðar fyrir stjórnina.

Deildirnar skulu halda einn fund á ári hið minnsta. Deildirnar setja upp árlegar starfsáætlanir. Allur kostnaður sem samrýmist starfsemi deildanna greiðist af hlutaðeigandi samtökum.

Deildin skipar eftir þörfum fasta eða tímabundna starfshópa.

2. mgr.

Í tengslum við sambandsþing kjósa deildirnar minnst 4 fulltrúa, þar af skal minnst einn vera kona, að meðtöldum formanni, varaformanni og ritara sem skipa framkvæmdastjórn deildarinnar.

ATHUGIÐ: Ef enginn kvenkyns fulltrúi er kjörinn í framkvæmdastjórn deildarinnar í tengslum við þingið á deildin á komandi stjórnartímabili að vinna að því að minnst einn kvenkyns fulltrúi verði kjörinn í framkvæmdastjórn á deildarfundi. Jafnt og þétt skal leggja mat á vinnu deildarinnar að jafnréttismálum á stjórnartímabilinu.

Kjör framkvæmdastjórnar skal fara fram á deildarfundi á þinginu og vera staðfest af þinginu. Ef formaður hættir störfum tekur varaformaður við af honum. Í þessu tilfalli skipar deildin nýjan varaformann fram að næsta þingi. Ef varaformaður eða ritari lætur af störfum á stjórnartímabilinu skipar deildin nýjan varaformann eða ritara fram að næsta þingi. Ef annar fulltrúi hættir í framkvæmdastjórn kýs deildin annan fulltrúa til starfa fram að næsta þingi.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg þegar kjörnir eru menn nema deildin hafi einróma samþykkt að atkvæðagreiðsla skuli vera opin. Hvert samband hefur eitt atkvæði. Atkvæðagreiðslur á grundvelli félagatölu deildar fara fram hafi minnst þrenn aðildarsamtök krafist þess. Slík krafa skal sett fram áður en atkvæðagreiðsla hefst.

Atkvæðagreiðsla sem ekki varðar kjör manna skal vera opin. Þar á hvert samband eitt atkvæði.

3. mgr.

Framkvæmdastjórn stjórnar og samræmir starfsemi deildarinnar. Hún undirbýr deildarfundi, færir fundargerð um fundina sem skal senda sambandsskrifstofunni. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að árleg starfsskýrsla hafi borist sambandsskrifstofunni eigi síðar en 1. mars á næstfylgjandi ári. Hún ber líka ábyrgð á því að starfsskýrsla fyrir nýliðið fimm ára tímabil sé lögð fyrir sambandsþingið.

4. mgr.

Formaður deildar er áheyrnarfulltrúi á fundum sambandsstjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Auk þess skal formaður deildarinnar skila skriflegri skýrslu til sérhvers stjórnarfundar um raunhæfar ákvarðanir og starfsemi í deildinni og í viðeigandi tilfellum einnig um starfsemina í deildum ETF, ITF og öðrum alþjóðasamtökum.

7. gr. Sambandsskrifstofan

Sambandsskrifstofan er sjálfstæð eining án tengsla við nein einstök aðildarsamtök. Sambandsskrifstofan starfar undir yfirstjórn sambandsins.

Hlutverk sambandsskrifstofunnar er að samræma starfsemi sambandsins. Framkvæmdastjórnin stýrir daglegri starfsemi sambandsskrifstofunnar.

Sambandsstjórnin ræður framkvæmdastjóra. Aðra starfsmenn ræður framkvæmdastjórn eftir tilnefningu forseta og framkvæmdastjóra.

Sambandsstjórn staðfestir starfsreglur og ábyrgðarsvið framkvæmdastjórans. Framkvæmdastjórnin ákveður svo starfsreglur og ábyrgðarsvið annars starfsfólks sambandsskrifstofunnar.

8. gr. Innganga

1. mgr.

Veita má samtökum í flutningastarfsemi á Norðurlöndum inngöngu í sambandið hafi þau skriflega lýst yfir því að þau muni fara að lögum sambandsins og formlegum samþykktum þess.

2. mgr.

Umsókn um inngöngu skal send sambandsskrifstofunni. Áður en umsókn er tekin fyrir í stjórninni skal leita umsagnar hjá öllum aðildarsamtökum sambandsins í viðkomandi landi. Ef ágreiningur er meðal viðkomandi samtaka um umsóknina skal stjórnin fara eftir álitum sem meirihluti samtakanna er sammála um.

3. mgr.

Ef stjórnin hefur hafnað umsókn stéttarsamtaka um inngöngu í sambandið hafa viðkomandi samtök rétt til að skjóta umsókn sinni til úrskurðar á næsta sambandsþingi.

4. mgr.

Réttindi sem tengjast aðild að sambandinu eru ekki afturvirk.

9. gr. Félagsgjöld

1. mgr.

Sambandsþing ákveður félagsgjöld til sambandsins samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga sambandsins og skulu iðgjöld greidd á grundvelli félagatals eigi síðar en um áramót þess árs sem félagsgjaldið á við um. (Sjá 3. mgr. 4. gr.)

2. mgr.

Ef þörf verður fyrir frekari hækkun félagsgjalds á stjórnartímabilinu er stjórn heimilt að ákveða slíka hækkun fram að næsta þingi.

3. mgr.

Félagsgjald er greitt einu sinni árlega eftirá, eigi síðar en 1. mars.

Gjaldið skal greitt í gjaldmiðli þess lands þar sem sambandsskrifstofan er hverju sinni.

Ef félagsgjald hefur ekki verið greitt innan tilskilins frests, fellur allur þátttökuréttur í starfsemi sambandsins úr gildi þar til gjaldið hefur verið greitt.

Ný aðildarsamtök sem öðlast inngöngu í sambandið skulu innan mánaðar eftir inngönguna greiða félagsgjald fyrra árs í samræmi við þann fjölda félagsmanna sem fengið hefur

inngöngu í sambandið. Félagasamtök sem sækja um inngöngu á þingári skulu eigi síðar en fyrir þingsetningu greiða félagsgjald til að eiga seturétt á þinginu.

4. mgr.

Við greiðslu félagsgjalds skulu aðildarsamtökin senda inn yfirlit yfir fjölda félagsmanna og skiptingu þeirra eftir deildum.

10. gr. Úrsögn

Ef aðildarsamtök ákveða að segja sig úr sambandinu skal tilkynning þar um hafa borist sambandinu eigi síðar en sex mánuðum fyrir úrsögn. Samtök sem segja sig úr sambandinu eiga ekkert tilkall til eigna sambandsins.

11. gr. Brottvikning

1. mgr.

Aðildarsamtökum sem brjóta gegn lögum sambandsins eða neita að fara að samþykktum þings og stjórnar má vísa úr sambandinu með ákvörðun stjórnar. Áður en slík ákvörðun er tekin skal viðkomandi samtökum svo og aðildarsamtökum í viðkomandi landi veitt tækifæri til að tjá sig um málið.

Brottvikin samtök geta krafist endurmats reglulegs sambandsþings á ákvörðun stjórnar.

Samtök, sem er vikið úr sambandinu, eiga ekkert tilkall til eigna sambandsins.

2. mgr.

Aðildarsamtök sem skulda félagsgjald eitt ár aftur í tímann eru talin hafa gengið úr sambandinu.

12. gr. Gagnkvæmur fjárstuðningur í vinnudeilum

Aðildarsamtök geta sótt um fjárstuðning í kjaradeilu hjá stjórninni í eigin deilu, þó ekki til samstöðuaðgerða. Stjórnin tekur ákvörðun um upphæð hugsanlegs fjárstuðnings í kjaradeilu. Stjórnin getur í tengslum við þetta farið þess á leit að aðildarsamtök leggi fram fjármagn. NTF getur óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum hjá þeim samtökum sem sækja um til að geta tekið ákvörðun um hugsanlegan fjárstuðning í kjaradeilu. Gera skal grein fyrir fjárstuðningi samkvæmt þessari grein í ársskýrslu sambandsins.

13. gr. Samstöðuaðgerðir

Öllum aðildarsamtökum er skylt að taka þátt í samstöðuaðgerðum og öðrum aðgerðum sem gripið er til samkvæmt 2. gr. e) að því tilskyldu að slíkar aðgerðir brjóti ekki gegn lögum eða samningum viðkomandi lands.

Stjórnin tekur ákvörðun um samstöðuaðgerðir og aðrar aðgerðir og hún ákveður jafnframt með hvaða hætti og hve víðtækar þær skuli vera í framkvæmd.

Þegar mikið liggur við getur framkvæmdastjórn tekið slíka ákvörðun án þess að leita álits stjórnarinnar. Þegar um er að ræða mjög áriðandi mál geta forseti sambandsins og framkvæmdastjóri í sameiningu tekið slíka ákvörðun.

Greinargerð um samstöðuaðgerðir er skráð í ársskýrslu sambandsins.

14. gr. Eignir sambandsins og prókúra

Sambandsstjórn sér um rekstur á eignum sambandsins. Stjórnin ákveður hver skuli fara með prókúru sambandsins.

15. gr. Endurskoðun

1. mgr.

Sambandsþing kýs tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara til að rannsaka reikninga og rekstur sambandsins milli þinga. Skoðunarmenn reikninga skulu vera búsettir í því landi þar sem sambandsskrifstofan er hverju sinni.

Ef skoðunarmaður reikninga eða varamaður hans tekur ekki þátt í skoðun reikninga skal það tilkynnt stjórninni á næsta stjórnarfundi.

2. mgr.

Nú hættir endurskoðandi á stjórnartímabilinu, eða endurskoðunarfyrtæki tilkynnir að það óski eftir að skipta um endurskoðanda, skal þá sama fyrirtæki tilnefna nýjan endurskoðanda það sem eftir er af stjórnartímabilinu.

Auk kjörinna skoðunarmanna reikninga tekur löggiltur endurskoðandi þátt í endurskoðun. Löggiltur endurskoðandi skal tilnefndur af framkvæmdastjórn í samráði við framkvæmdastjórnann og kjörna skoðunarmenn reikninga.

3. mgr.

Skoðunarmönnum reikninga er skylt að endurskoða rekstur sambandsstjórnar árlega og skila skýrslu um endurskoðunina til þings ásamt tilmælum um vítur eða vítaleysi og tillögum um að samþykkja rekstrarreikning og efnahagsreikning eða hafna.

Kjörnir skoðunarmenn reikninga skulu sjá til þess að endurskoðun fari fram samkvæmt góðum reikningsskilavenjum.

4. mgr.

Ársendurskoðun skal hafa farið fram og skýrslu um hana verið skilað til stjórnarinnar eigi síðar en mánuði eftir að bókhaldi hefur verið skilað í hendur endurskoðenda.

5. mgr.

Allir skoðunarmenn og endurskoðendur eiga rétt á að fara yfir reikningshald, fundargerðir og önnur gögn er varða rekstur sambandsins.

6. mgr.

Þegar þingið tekur fyrir spurninguna um vítur eða vítaleyzi skal minnst einn endurskoðandi vera viðstaddur. Endurskoðendur kjósa úr sínum hópi þann sem leggur fram skýrslu endurskoðenda á sambandsþingi.

7. mgr.

Ef stjórnin boðar til fundar vegna framkominna athugasemda eða tillagna endurskoðenda ber endurskoðendum skylda til að sitja fundinn þegar fjallað er um viðkomandi atriði.

8. mgr.

Ef endurskoðendur gefa skýrslu eða leggja fram gögn sem vísitandi eða vegna sinnuleysis eru röng eða af sömu ástæðu láta hjá líða að gera athugasemdir við slík atriði sem þeir hafa endurskoðað bera þeir ábyrgð á því tjóni sem leiðir af slíku fyrir sambandið.

16. gr. Lagabreytingar

Breytingar á lögum þessum má einungis gera að fengnum tillögum stjórnar eða öðrum tillögum sem tekin er afstaða til á sambandsþingi. Ef ágreiningur verður um túlkun þessara laga ræður sænska útgáfa laganna.

Lög þessi, sem samþykkt voru á 16. reglulega þingi sambandsins 30.–31. maí 2018, taka þegar gildi að þingi loknu.

Breyting á lengd stjórnartímabils úr fjórum í fimm ár (2. mgr., 4. gr.) mun taka gildi að því gefnu að þing ITF árið 2018 taki sömu ákvörðun. Að öðrum kosti verður stjórnartímabilið 4 ár.